

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. apríl 2025

Tillaga Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflakks Íslands, Flakks fólksins og Vinstri grænna um hugmyndasöfnun um betri nýtingu á tíma og fjármunum í rekstri Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að nýta samráðsgátt til að leita hugmynda meðal starfsfólks borgarinnar að því hvernig nýta má fjármuni og tíma starfsfólks með sem bestum hætti. Jafnframt verði leitað til íbúa borgarinnar um að taka þátt í hugmyndasöfnuninni.

Greinargerð

Samþykkt var á fundi borgarstjórnar 4. mars sl. að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að leita til starfsfólks Reykjavíkurborgar eftir hugmyndum um hvernig megi nýta bæði tíma og fjármagn Reykjavíkurborgar sem best. Eftir skoðun var sú útfærsla sem talin var heppilegust að nýta samráðsgátt Reykjavíkurborgar. Því leggja samstarfsflokkarnir til að auk starfsfólks borgarinnar verði leitað til íbúa Reykjavíkurborgar og að þær tillögur fari einnig í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar. Kostnaður felst í vinnutíma starfsfólks og rúmast innan fjárhagsramma. Tryggt verði að farið verði með persónuleynd við meðferð gagna.